



Ferðafélag Rangæinga – skýrsla stjórnar 2024

Við höldum áfram að ganga, hjóla og hlaupa með FFRang okkur Rangæingum og vinum okkar til heilsubótar á sál og líkama. Nú er að hefjast fjórða starfsár Ferðafélags Rangæinga en hugmyndin um stofnun þess fór í loftið þann 4. nóvember 2021 en stofnfundur félagsins var síðan haldinn í þétt setnum Menningarsalnum á Hellu þann 1. mars 2022. Fljótlega var síðan efnt til sérstakrar stofngöngu í blíðviðri en gengið var á Stóru-Dímon. Félagsmenn fjölmenntu til göngunnar og þykir líklegt að aldrei áður hafi svo margir staðið samtímis á toppi fjallsins. Megintilgangurinn með stofnun félagsins var að skipuleggja ferðir þar sem væri gengið, hjólað, skíðað eða hlaupið um fallega og áhugaverða staði og þá einkum í Rangárvallasýslu hinni fornu. Frá upphafi hefur verið góður áhugi fyrir starfinu og þátttaka í ferðum með ágætum. Á þessum fyrstu árum félagsins hafa verið settar upp metnaðarfullar göngudagskrár þar sem annars vegar eru skipulagðar lengri göngur sem taka hálfan eða heilan dag og hins vegar styttri kvöldferðir á miðvikudögum. Á þessum þremur árum hafa alls verið skipulagðar 30 lengri göngur og 23 kvöldferðir þar sem hefur verið gengið, skokkað, hjólað og skíðað og nú hefur hin metnaðarfulla og duglega ferðanefnd FFRang skipulag 24 ferðir í viðbót sem farnar verða á nýju ári. Þátttakan hefur í langflestum tilfellum verið mjög góð og sveiflast frá 5-50 manns eftir því hvert er farið og hvernig viðrar. Stefnan hefur verið að halda dagskrá hvað sem á dynur en þó hefur þurft að breyta plönnum í undantekningartilvikum þegar veðráttan hefur sett veruleg strik í reikninga. Fjöldi félaga hefur haldist svipaður frá

stofnun og eru félagar nú 175. Meðal vinsælla ferða árið 2024 voru m.a. Hringleið um Þríhyrning, ganga á Rauðöldur við Heklu, ganga frá Rjúpnavegum að Áfangagili, ganga á Valahnúka og að sjálfsögðu ferð inn til Þórsmerkur. Þá var í fyrsta sinni boðið upp á skíðagöngukvöld sem heppnaðist vel og svo var líka hjólað um Fljótshlíð og hlaupið um Rangárbakka.

Ferðir hjá FFRang hafa verið opnar öllum. Markmiðið hefur verið að virkja sem flesta með í ferðir og allir velkomnir að taka þátt. Fram til þessa hefur einungis verið tekið gjald þegar standa hefur þurft straum af kostnaði við rútuferðir eða gistingu. Ferðirnar verða áfram opnar öllum en nú hefur verið ákveðið að frá og með 2025 greiði utanfélagsfólk hóflegt gjald, 3.000 kr, fyrir þátttöku í ferðum. Leiðsögn hefur í flestum tilvikum verið í höndum félagsmanna og gengið ákaflega vel. Leiðsögnin hefur verið í sjálfboðavinnu en frá og með 2025 hefur verið ákveðið að göngustjórar í lengri dagsferðum fái kr. 25.000 í þóknun fyrir dagsferðir. Ekki er greitt fyrir styttri ferðir (t.d. kvöldgöngur).

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 25. júní 2024 í Safnaðarheimilinu á Hellu og heppnaðist vel. Ólöf Kristín Sívertsen forseti Ferðafélags Íslands og Sævar Kristinsson eiginmaður hennar voru heiðursgestir á aðalfundinum. Sagði Ólöf Kristín frá hinu fjölbreytta starfi FÍ og hvatti okkur hjá FFRang til dáða í heilsuþætandi útivist og góðum félagsskap. Færum við þeim hjónum innilegustu þakkir fyrir þátttöku í aðalfundinum sem var vel sóttur og skilvirkur. Að öðru leyti var um að ræða hefðbundin aðalfundarstörf með skýrslu stjórnar, ársreikningi og kosningum í stjórn. Í stjórn voru kosin Ágúst Sigurðsson sem forseti til eins árs, Björn Ingi Jónsson gjaldkeri og Sigríður Theódóra Kristinsdóttir meðstjórnandi til tveggja ára. Fyrir voru í stjórninni þau Emilía Sturludóttir varaformaður og Helgi Jóhannesson ritari. Varamenn voru kjörin þau Rósa Hlín Óskarsdóttir og Sigurður Þór Þórhallsson til eins árs. Þá voru endurkjörin þau Sigríður Karólína Viðarsdóttir og Þorbergur Albertsson sem endurskoðunarmenn reikninga félagsins. Árgjald félagsins var ákveðið 8.500 kr. Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir var fundarstjóri á aðalfundinum.

Í ferðanefnd ársins voru þau Gústav Þór Stolzenwald, Gísli Gíslason, Gunnar Norðdahl, Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir og Huguína Hannesdóttir. Jafnframt starfaði Sigríður Theódóra Kristinsdóttir með ferðanefndinni. Ferðanefndin stóð sig einstaklega vel rétt eins og fyrri ár og hélt 5 fundi á árinu til undirbúnings ferðaáætlunar 2025. Stjórnarfundir voru 3.

Upplýsingum um ferðir og annað á vegum FFRang var komið á framfæri í gegnum heimasíðu félagsins á www.ffrang.is og Fb síðu félagsins.

Jafnframt var upplýsingum um ferðir komið á framfæri við félagsmenn og þá sem hafa skráð sig á póstlista með tölvupósti.

Framtíð Ferðafélags Rangæinga er björt og það hefur verið heiður að taka þátt í starfi félagsins með góðum ferðafélögum hvort heldur hefur verið í stjórn og ferðanefnd eða með glaðbeittum göngufélögum í ferðum hvers árs. Áfram gakk!

3. mars 2025

f.h. stjórnar FFRang

Ágúst Sigurðsson